



# Akureyrarbær

Greiðslur sveitarfélagsins með rekstri  
Öldrunarheimila Akureyrarbæjar árin  
2012 - 2016

Samantekt fyrir bæjarráð Akureyrarbæjar – október 2017



Akureyri, 12. október 2017

Akureyrarbær,  
Geislagötu 9,  
600 Akureyri  
kt. 410169-6229

### Forsendur

Að beiðni bæjarstjóra Akureyrarbæjar og í samræmi við verksamning frá 16. desember 2016 hefur KPMG tekið saman upplýsingar um fjárframlög sveitarfélagsins til rekstrar Öldrunarheimila Akureyrarbæjar (ÖA) á árunum 2012 til 2016. Rekstur Lögmanshlíðar hefur verið aðgreindur frá öðrum rekstri ÖA og er hann sérgreindur í samantekt þessari. Þá var lagt mat á það hvort að einstakir þættir í starfsemi ÖA væru utan við hefðbundna starfsemi hjúkrunarheimila og kynni af þeim sökum að vera utan við þá starfsemi sem fjármögnuð er með daggjöldum úr ríkissjóði.

Samantekt þessi byggir á upplýsingum frá sveitarfélaginu sjálfu, upplýsingum frá stjórnendum Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, stjórnendum annarra öldrunarstofnana, útgefnum kröfulýsingum velferðarráðuneytisins um þjónustu í hjúkrunar- og dvalarrýmum, gildandi lögum og reglugerðum auk annarra opinberra upplýsinga.

Við erum að sjálfsgöðu reiðubúin til að vera stjórnendum sveitarfélagsins til frekari aðstoðar eftir því sem þörf er á.

Virðingarfyllst,

*KPMG ehf.*

KPMG ehf. Sími: 565-6000  
Endurskoðunarvið  
Glerárgötu 24  
600 Akureyri

### Fyrirvari

Upplýsingarnar sem koma fram í þessari samantekt endurspeglar hvorki niðurstöður áreiðanleikakönnunar né endurskoðunar. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgð nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG gerir ekki athugasemd við dreifingu verkkaupa á samantekt þessari. Öll ákvarðanatöku í tengslum við þær upplýsingar sem hér koma fram er alfarið í höndum og á ábyrgð verkkaupa og annarra aðila sem að málinu kunna að koma.



# Greiðslur með rekstri ÖA árin 2012-2016

# Samantekt fjárhagsupplýsinga vegna fyrri ára



## Lýsing á verkefninu

Greining fjárhagsupplýsinga er varða greiðslur Akureyrarbæjar með rekstri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar (ÖA)

Aðgreina rekstur Lögmannshlíðar frá öðrum rekstri ÖA

- Kostnaður að mestu aðgreindur í bókhaldi
- Sameiginlegum kostnaði skipt út á Lögmannshlíð

Greina kostnað vegna starfsemi sem mögulega fellur utan daggjalda

- Starfsemi ÖA samanstendur af rekstri hjúkrunar- og dvalarrýma, auk dagþjónustu fyrir aldraða en framangreindir þjónustupættir skulu fjármagnaðir með daggjöldum frá ríkinu
- Í umræðu um málefni ÖA hafa komið fram sjónarmið um að hluti starfseminnar kynni að falla undir hefðbundinn rekstur sveitarfélags
- Eftirfarandi þættir í starfseminni hafa verið nefndir í þessu tilliti:
  - Rekstur hvíldarrýma/skammtímarýma
  - Félagsstarf innan ÖA
  - Dvalarrými
  - Lín og þvottur
  - Viðburðir/félagsstarf
  - Trúarlegar athafnir
  - Sálgæsla

- Eftir yfirferð á framangreindum þáttum verður ekki séð að umræddir starfsemispættir falli almennt utan daggjalda miðað við gildandi kröfulýsingu og hefðbundna þjónustupætti hjúkrunarheimila almennt.
- Það kann hins vegar að vera hægt að breyta þjónustunni í einhverjum tilvikum, veita hana með öðrum hætti, breyta þjónustustigi og mögulega draga úr kostnaði enda almennt ekki útfært í smáatriðum í kröfulýsingu með hvaða hætti þjónusta skuli innt af hendi.

# Samantekt fjárhagsupplýsinga vegna fyrri ára



## Greiðslur Akureyrarbæjar með rekstri ÖA

KPMG hefur tekið saman fjárhagsupplýsingar úr bókhaldi og ársreikningum ÖA á árunum 2012 til 2016 og greint greiðslur sveitarfélagsins með starfsemi öldrunarheimilanna, sjá töflu 1.

Tekið hefur verið tillit til innri húsaleigu heimilanna til Fasteigna Akureyrarbæjar og hún dregin frá rekstrarhallanum. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga hefur einnig verið dregin frá.

Þegar fjárhæðir hafa verið umreiknaðar á samræmt verðlag í árslok 2016 eru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Uppsafnaður rekstrarhalli á tímabilinu, fyrir framlag Akureyrarbæjar, nemur 1.827 millj. kr.
- Þegar innri húsaleiga til Fasteigna Akureyrarbæjar hefur verið dregin frá ásamt gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga og beinum húsnæðiskostnaði bætt við, nemur uppsafnaður halli 756 millj. kr.
- Sé greiðslum af lífeyrisskuldbindingum stofnunarinnar á tímabilinu bætt við, nema greiðslur sveitarfélagsins með starfsemi alls um 843 millj. kr. á þessu fimm ára tímabili.

### Tafla 1:

Samanteknar upplýsingar um rekstur Öldrunarheimila Akureyrarbæjar - árslokaverðlag 2016 (þús. kr.)						
	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Rekstrarhalli ÖA án framlags Akureyrarbæjar .....	226.636	303.385	366.874	469.915	460.548	1.827.359
Innri húsaleiga dregin frá .....	( 208.220)	( 214.598)	( 216.052)	( 225.907)	( 216.525)	( 1.081.302)
Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga dregin frá .....	( 40.907)	( 58.983)	( 66.799)	( 71.984)	( 37.816)	( 276.489)
Beinum húsnæðiskostnaði bætt við (án kostnaðar vegna Lögmannshlíðar) ..	52.143	47.438	56.144	58.809	71.986	286.520
Rekstrarhalli án innri húsaleigu og lífeyrisskuldbindinga .....	29.653	77.242	140.167	230.834	278.193	756.088
Greiddar lífeyrisskuldbindingar .....	13.321	14.580	17.035	18.208	23.414	86.559
<b>Greiðslur Akureyrarkaupstaðar með rekstri ÖA án innri húsaleigu .....</b>	<b>42.974</b>	<b>91.822</b>	<b>157.203</b>	<b>249.042</b>	<b>301.607</b>	<b>842.647</b>

Heimild: Fjárhagsupplýsingar frá sveitarfélaginu, greining KPMG.

Samhliða samantekt fjárhagsupplýsinganna fór KPMG yfir tiltekna þætti í starfsemi ÖA með tilliti til þess hvort að um væri að ræða þjónustu sem ekki teldist til hefðbundins rekstrar öldrunarheimilis sem daggjalda-greiðslum úr ríkissjóði er ætlað að standa undir.

- Í þessu sambandi var einkum litið til kröfulýsingar velferðarráðuneytis frá september 2016 en hún er fylgiskjal með rammasamningi milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila sem undirritaður var þann 21. október sama ár.
- Einnig var upplýsinga leitað hjá stjórnendum ÖA og annarra heimila.
- Eftir skoðun á þessum þáttum er það niðurstaða KPMG að umræddir liðir falli allir undir hefðbundinn rekstur öldrunarheimilis og eftir samtöl við stjórnendur heimilanna hafa ekki komið fram neindir þættir í starfsemi ÖA sem taldir eru falla undir lögboðna eða hefðbundna þjónustu sveitarfélaga.
- Að mati KPMG er því ekki þörf á að sérgreina eða draga frá aðra þætti í starfsemi ÖA en lífeyrisskuldbindingar og húsnæðiskostnað, þegar fjallað er um greiðslur sveitarfélagsins með rekstrinum.

# Samantekt fjárhagsupplýsinga vegna fyrri ára



## Greiðslur Akureyrarbæjar með rekstri Lögmannshlíðar

Óskað var eftir því að teknar yrðu saman upplýsingar er varða rekstur Lögmannshlíðar sérstaklega og hann aðgreindur frá öðrum rekstri ÖA.

KPMG hefur í samvinnu við stjórnendur ÖA tekið saman upplýsingar um rekstur Lögmannshlíðar á árabílinu 2012 til 2016. Starfsemi heimilisins hófst í október árið 2012 og eru upplýsingar um rekstur þess árs samanteknar upplýsingar um rekstur Lögmannshlíðar, Kjarnalundar og Bakkahlíðar en tvær síðartöldu einingarnar voru lagðar af þegar starfsemi hófst í Lögmannshlíð.

Þegar fjárhæðir hafa verið umreiknaðar á samræmt verðlag í árslok 2016 eru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Uppsafnaður rekstrarhalli á tímabilinu, án framlags Akureyrarbæjar, nemur 205 millj. kr.
- Þegar innri leiga fasteigna til Fasteigna Akureyrarbæjar hefur verið bakfærð nemur uppsafnaður halli 126 millj. kr.
- Upplýsingar um tekjur og gjöld Lögmannshlíðar byggja á sundurliðunum úr bókhaldi og upplýsingum frá stjórnendum ÖA.

### Tafla 2:

Samanteknar upplýsingar um rekstur Lögmannshlíðar - árslokaverðlag 2016 (þús. kr.)						
	2012 *)	2013	2014	2015	2016	Samtals
Tekjur Lögmannshlíðar .....	( 402.174)	( 390.516)	( 416.151)	( 430.818)	( 465.329)	( 2.104.988)
Rekstrargjöld Lögmannshlíðar .....	370.226	414.128	440.765	483.463	510.609	2.219.191
Hlutdeild Lögmannshlíðar í sameiginlegum kostnaði .....	13.212	19.474	19.759	16.252	22.491	91.189
(Rekstrarafgangur) rekstrarhalli án framlags Akureyrarbæjar .....	( 18.735)	43.086	44.372	68.898	67.771	205.392
Innri húsaleiga dregin frá .....	( 10.606)	( 16.856)	( 17.332)	( 17.300)	( 17.299)	( 79.394)
<b>(Rekstrarafgangur) rekstrarhalli án innri húsaleigu .....</b>	<b>( 29.341)</b>	<b>26.229</b>	<b>27.040</b>	<b>51.597</b>	<b>50.472</b>	<b>125.998</b>

\*) Samanlagður rekstur Lögmannshlíðar, Kjarnalundar og Bakkahlíðar árið 2012

Heimild: Fjárhagsupplýsingar frá sveitarfélaginu, greining KPMG.

# Samantekt fjárhagsupplýsinga vegna fyrri ára



## Rekstur hvíldarrýma/skammtímarýma

Greitt með daggjöldum (hjúkrunarrými) en eru dýrari en almennt hjúkrunarrými (föst búseta) í rekstri og því óhagkvæmur kostur.

ÖA hefur starfrækt 17 skammtímarými til hvíldarinnlagna, vegna þess að það er samfélagslega ábyrgt / nauðsynlegt að mati stjórnenda. Jafnframt er það mat stjórnenda ÖA að húsnæðið sem um ræðir bjóði ekki upp á fasta búsetu.

Í skammtímarýmum eru oft aðilar sem þurfa fasta búsetu.

- Í kröfulýsingu er beinlínis gert ráð fyrir starfrækslu hvíldarrýma/skammtímavistun.
- Þó virðist ekki skylt að hafa slík rými enda alls ekki til staðar á öllum heimilum og engar kröfur um fjölda/hlutfall hvíldarrýma af heild.
- Fram hefur komið að einhverjir rekstraraðilar hafa lokað hvíldarrýmum vegna aukakostnaðar við starfrækslu þeirra.
- Daggjöld þau sömu og fyrir önnur hjúkrunarrými en rýmin eru almennt talin mun dýrari í rekstri. Hvíldarrýmum fylgir aukin umsýsla, þyngri umönnun, önnur nýting o.s.frv.
- Engin rök virðast fyrir því að rekstur hvíldarrýma falli utan daggjalda.

Talið er að rekstur hvíldarrýma falli innan ramma daggjalda þó svo að það sé ákvörðun hvers rekstraraðila um sig hvað hann kýs að nýta mörg hjúkrunarrými til hvíldarinnlagna.

## Félagsstarf

Hluti af kröfulýsingu er félagsleg virkni sem má sinna á hverju heimili fyrir sig.

Félagsheimili/samkomusalir/félagsleg virkni borgara er hlutverk sveitarfélaga og því ekki hægt að segja ÖA eigi að sinna því með daggjöldum frá ríkinu eingöngu.

- Í kröfulýsingu er gerð krafa um að rekstraraðilar hjúkrunarheimila bjóði íbúum upp á félagsstarf og tómsundaiðju (sjá t.d. 2.1.4.5. - 53, bls. 15 og 2.2.4. – 76, bls. 18).
- Þetta er þó nokkuð almennt orðað og ekki skilgreint nákvæmlega í hvaða formi eða hve mikið slíkt félagsstarf á að vera að öðru leyti en að því er ætlað að „...*stuðla að virkni og auknum lífsgæðum.*“
- Fyrirkomulag og umfang félagsstarfs er að líkindum misjafnt á milli heimila en í samtölum við stjórnendur annarra heimila hefur t.d. komið fram að þar er reglulega boðið upp viðburði af ýmsu tagi, þ.á.m. tónleika, dans, söng o.fl.
- Ekki eru talin rök fyrir því að félagsstarf sem sinnt er innan veggja ÖA eigi að vera utan daggjalda. Undantekning frá því gæti þó verið ef stofnunin tæki að sér að sinna starfrækslu félagsmiðstöðva eða öðru félagsstarfi fyrir aldraða íbúa í sveitarfélaginu almennt.
- Félagsstarf innan ÖA fyrir íbúa og aðra þjónustuþega virðist þó falla innan daggjalda.

Talið er að það félagsstarf sem sinnt er innan veggja ÖA sé hefðbundið með hliðsjón af þjónustu annarra hjúkrunarheimila og í samræmi við það sem krafa er gerð um kröfulýsingu með rammasamningi.

# Samantekt fjárhagsupplýsinga vegna fyrri ára



## Dvalarrými

Rekstur dvalarrýma er fjármagnaður með daggjöldum sem eru um helmingi lægri en fyrir hjúkrunarrými þó svo að þjónustan sé oft áþekk.

ÖA hefur 12 dvalarrými vegna þess að það er samfélagslega ábyrgt / nauðsynlegt úrræði fyrir eldri borgara sveitarfélagsins að mati stjórnenda ÖA. Aðrir kostir væru dýrir fyrir sveitarfélagið. Einnig er verið að nýta það húsnæði sem ÖA býðst og þarf að greiða leigu fyrir.

- Í kröfulýsingu er gerður nokkur greinarmunur á hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum. Tekið er fram að rýmin „...byggja á sömu hugmyndafræðilegu forsendum...“ en að umfang heilbrigðisþjónustu í dvalarrýmum sé minna en í hjúkrunarrýmum. Í kröfulýsingunni segir m.a.; „...dvalarheimili [dvalarrými]...er heimili fyrir einstaklinga sem þurfa á langvarandi umönnunar- og heilbrigðisþjónustu að halda. Forsenda fyrir dvöl á dvalarheimili er að viðkomandi einstaklingur eigi gilt færni- og heilsumat.“
- Almennt fer dvalarrýmum fækkandi og hefur verið heimilt að skipta slíkum rýmum út fyrir hjúkrunarrými í hlutföllunum 2:1.
- Ítrekað hefur komið fram að óverulegur munur sé á þjónustu sem veitt er íbúum í dvalarrýmum og hjúkrunarrýmum.
- Daggjald fyrir dvalarrými er um 50% daggjalds fyrir hjúkrunarrými.
- Það sjónarmið hefur komið fram að dvalarrými séu „búsetuúrræði“ á vegum sveitarfélaga en erfitt hefur þó reynst að finna því stað í lögum sem um þetta gilda og ekkert slíkt kemur fram í kröfulýsingu velferðarráðuneytis.

Talið er að dvalarrými séu hluti af hefðbundinni starfsemi öldrunarheimila sem fjármögnuð skuli með daggjöldum frá ríkinu en falli ekki undir lögbundin verkefni sveitarfélaga.

## Lín

Í kröfulýsingu kemur ekki fram með skýrum hætti að hjúkrunarheimili eigi að skaffa lín, heldur einungis að heimilin eigi að sjá um þvott á eigin líni og einkafatnaði íbúa sem þola hefðbundinn þvott.

- Í kröfulýsingu kemur ekkert fram um að heimilin eigi að leggja heimilisfólki til lín. Hins vegar virðist gert ráð fyrir því að heimilin eigi slíkt m.v. það sem sagt er um þvott á „eigin líni“.
- Hægt er að sjá fyrir sér flækjustig og ókosti við það að hver heimilismaður sé með sitt eigið lín. Þá þarf að halda utan um hver á hvað, skila öllu á rétta staði o.s.frv. Álitamál hvort að það er raunhæfur og hagkvæmur kostur.

Talið er að þetta sé með misjöfnum hætti hjá hjúkrunarheimilum í landinu en fyrirkomulagið hjá ÖA stangist ekki á við þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Í öllu falli er það ekki hlutverk sveitarfélaga að bera kostnað af þessum þætti en þessi liður er metinn óverulegur í starfseminni og ekki þörf á nánari skoðun.



# Samantekt fjárhagsupplýsinga vegna fyrri ára



## Trúarlegar athafnir

Sagðar æskilegar í rammamningi/kröfulýsingu.

- Í kröfulýsingu kemur fram (sjá 2.1.4.5. – 54, bls. 15) kemur eftirfarandi fram: „Eskilegt er að boðið sé upp á trúarlegar athafnir með reglulegu millibili og sálgæsla skal standa íbúum til boða sé þess óskað sem og stuðningur við aðstandendur og starfsfólk.“
- Þetta er almennt orða og engin nánari lýsing á þessu.
- Virðist ekki vera bein krafa heldur er talið „æskilegt“ að bjóða upp á þetta.
- Erfitt að sjá að þetta falli utan daggjalda þar sem þetta er tilgreint sem æskilegt í kröfulýsingunni.

Talið er að þetta sé með misjöfnum hætti hjá hjúkrunarheimilum í landinu en að fyrirkomulagið hjá ÖA stangist ekki á við þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Á sumum heimilum er t.a.m. starfandi prestur. Það er ekki hlutverk sveitarfélagsins að bera kostnað af þessum þætti auk þess sem liðurinn er metinn óverulegur í starfseminni og ekki þörf á nánari skoðun.

## Sálgæsla

Orkar tvímælis í rammamningi.

Gæti verið að lögfræðilegt álit að draga mætti úr þessari þjónustu.

- Í kröfulýsingu kemur fram (sjá 2.1.4.5. – 54, bls. 15) kemur eftirfarandi fram: „Eskilegt er að boðið sé upp á trúarlegar athafnir með reglulegu millibili og sálgæsla skal standa íbúum til boða sé þess óskað sem og stuðningur við aðstandendur og starfsfólk.“
- Almennt orðað og engin nánari lýsing á þessari kröfu.
- Hvernig er t.d. skilgreiningin á „sálgæslu“ í þessu tilliti?
  - Sálfærðipjónusta?
  - Þjónusta á vegum lækna, hjúkrunarfræðinga eða annars heilbrigðisstarfsfólks?
  - Þjónusta presta?
- Hjá ÖA er starfandi sálfræðingur í hálfu starfi. Af samtölum við stjórnendur annarra hjúkrunarheimila virðist það vera undantekning og sálfræðingur almennt ekki í starfsliði heimilanna.

Talið er að þetta sé með misjöfnum hætti hjá hjúkrunarheimilum í landinu en að fyrirkomulag sálgæslu hjá ÖA stangist ekki á við þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar, þrátt fyrir að ekki sé gerð krafa um að menntaður sálfræðingur sé í starfi á hjúkrunarheimilum. Í sumum tilvikum er þessum þætti sinnt af prestum. Það er ekki hlutverk sveitarfélagsins að bera kostnað af þessum þætti.



[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)



[kpmg.com/app](https://kpmg.com/app)

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.